

Skógrækt ríkisins  
Hrefna Jóhannesdóttir  
Gömlu-Gróðrarstöðinni, Krókeyri  
600 Akureyri

Reykjavík, 29. júní 2021  
UST202105-098/A.B.  
10.05.00

## **Efni: Drög - Landsáætlun í skógrækt 2021 – 2031 og umhverfismat – Skógræktin**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skógræktarinnar er barst 7. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um drög að landsáætlun í skógrækt 2021 – 2031 og umhverfismat áætlunarinnar.

Umhverfisstofnun telur drögin vera ítarleg og greinargóð.

### **Friðlýst svæði**

Umhverfisstofnun vill benda á að í 70. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 segir að við uppgæðslu lands og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Auk þess segir í lögnum að við gerð áætlana skal taka afstöðu til þessara atriða.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að í VIII. kafla í náttúruverndarlögum nr. 60/2013 koma fram upplýsingar um flokka friðlýstra svæða og markmið þeirra. Má þar nefna meginmarkmið sem tengjast ásýnd svæða, svæða þar sem markmiðið er að vernda jarðminjar eða fossa, þegar verndargildið snýr að víðsýni, eða ef um landslag er að ræða sem þykir sérlega verðmætt svo fátt eitt sé nefnt. Í þeim tilvikum er mikilvægt að áætlanir taki mið að þeim markmiðum sem sett hafa verið fyrir hið friðlýsta svæði og að aðgerðir í tengslum við skógræktaráætlun hafi ekki neikvæð áhrif á verndargildi þess.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að landshlutaáætlanir skógræktar taki einnig mið af ofangreindu.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að auka endurheimt náttúrulegra skóga í tengslum við nýjar friðlýsingar þegar það á við og telur að samstarf við Skógræktina sé mikilvægt í því samhengi. Umhverfisstofnun hefur nú þegar hafið samstarf við Landgræðslu ríkisins í tengslum við aðgerðaáætlun í loftslagsmálum við að greina tækifæri til að auka endurheimt votlendis. Aðgerðirnar sem stefnt er að vinna að snúa meðal annars að endurheimt votlendis í tengslum við verndun svæða, aukinni áherslu á verndun votlendisvistgerða í náttúruminjasrá og áhersla á friðlýsingu votlendissvæða. Umhverfisstofnun telur að það sé einnig mikilvægt að horfa til tækifæra í endurheimt náttúrulegs skóglendis og telur tímabært að sett verði markmið um endurheimt náttúrulegra skóga samhliða friðlýsingum og eins að fjallað verði nánar og unnið að

endurheimt skóga þegar það á við í stjórnunar- og verndaráætlunum í samstarfi við Skógræktina

### **Sérstök vernd náttúruverndarlaga**

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að það komi fram í áætlun stefna um landgræðslu á svæðum (þar meðtalið jaðarsvæði „bufferzone“) með sérstaka vernd eins og eldvörp, eldhraun, gervígga og hraunhella, sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma, en þessi svæði falla öll undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Auk þess falla fossar og nánasta umhverfi þeirra, að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum, undir b. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun telur að móta þurfi framtíðarstefnu í áætluninni sem taki mið af verndargildi þessara svæða.

### **Val á skógræktarsvæðum**

Að mati Umhverfisstofnunar er umfjöllun um áhrif áætlunar í umhverfisskýrslu á lífríki (vistgerðir og fuglalíf) frekar rýr og æskilegt væri að hún væri ítarlegri, en í umhverfismati þar sem fjalla er um val á landi segir: „*Dæmi um það sem kann að tapast eru varplönd sumra fuglategunda, sjaldgæf búsvæði lífverutegunda...*“

Í greinargerð kemur fram að áætlunin taki tillit til þeirra alþjóðasáttmála sem Ísland er aðili að. Umhverfisstofnun bendir á að Bernarsamningurinn er einn þeirra og fjallar hann um verndun tegunda og búsvæða þeirra þar sem að megnimarkmið samningsins er að vernda evrópskar tegundir villtra plantna og dýra og vistgerða sem þarfnast verndar.

Í greinargerð segir að alþjóðasáttmálar sem Ísland er aðili að fáist ekki um skógrækt sérstaklega, Umhverfisstofnun tekur undir að nýræktun skóga á áður skóglausu landi getur haft áhrif á vernd þeirra þátta sem samningarnir fjalla um.

Í greinargerð kemur fram að mikilvægt er að það val á landi hámarki jákvæð áhrif en lágmarki þau neikvæðu. Er þar einkum átt við búsvæði lífverutegunda, en með tilkomu skógar batna skilyrði fyrir sumar tegundir en versna eða eyðast fyrir aðrar.

Umhverfisstofnun tekur undir þetta þar sem með skógræktinni munu búsvæði og vistkerfi breytast staðbundið og má m.a. gera ráð fyrir að spörfuglar og fleiri dýr komi sér í auknum mæli fyrir í skógræktarreitunum þegar trén vaxa upp.

Umhverfisstofnun bendir á að margar ábyrgðartegundir Íslands eru vaðfuglar/mófuglar sem nýta sér flatlendi með lággróðri og votlendi til að byggja á afkomu sína. Með skógrækt á þeim svæðum verður til annars konar búsvæði sem aðrar fuglategundir kunna að nýta sér, líkt og ýmsar spörfuglategundir, en Umhverfisstofnun bendir á að þessar tegundir fugla eru ekki ábyrgðartegundir Íslands.

### **Jaðaráhrif og umhverfismat**

Í greinargerð er lögð fram áætlun um heildarstærð skóglendis til næstu ára. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ekki sé einungis metin áhrif skógræktar út frá stærð skógarins heldur að einnig sé fjallað um jaðaráhrif skógræktar í umhverfismati, þar sem áhrif skógræktar nái út fyrir heildarstærð skóganna. Skógrækt getur haft áhrif á lífríki, búsvæði fugla og ásýnd.

Umhverfisstofnun bendir á að jaðaráhrif eru hlutfallslega meiri fyrir minni skóga en stærri og á það við um jaðaráhrif á það lífríki sem byggir afkomu sína í skóginum og þess lífríkis

sem nýtir flatlandi umhverfis skóginn. Umhverfisstofnun telur æskilegt að metin séu umhverfisáhrif margra minni skóga annars vegar og stærri skóga hins vegar.

### **Landslag og ásjúnd**

Í umhverfisskýrslu kemur fram að gert er ráð fyrir að skógur njóti meiri forgangs en hingað til, umfram margt annað í landnotkun vegna áherslunnar á að ná kolefnishlutleysi fyrir 2040, en samt sem áður verður skógur felldur að landslagi og fullt tillit verði tekið til annarra gæða.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skógur sé felldur að landslag og tekið sé tillit til eftirfarandi náttúruverndarsjónarmiða.

#### *Náttúruverndarlög*

Eins og Umhverfisstofnun benti á hér að ofan er mikilvægt að skógræktarsvæðið falli vel að landslaginu en í 70. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Við gerð áætlana, mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu umsókna vegna leyfisskyldrar ræktunar skal taka afstöðu til þessara atriða.“

#### *Sjónræn áhrif*

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að huga að sjónrænum áhrifum skógræktar, þannig að ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði heldur verði fylgt formum landslags eins og kostur er og tekið tillit til sérkenna landslags á hverjum stað þannig að skógur og trjágróður verði jákvæð viðbót við landslag.

#### *Fossar*

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að fossar falla undir b. lið 2. mgr í 61. gr laga nr. 60/2013 um náttúruvernd en þar segir að vernda skuli fossa og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé tillit til ofangreinds þáttar í áætluninni.

#### *Náttúruvætti*

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að samkvæmt 48. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 segir að friðlýsa megi einstakar náttúrumyndanir sem ástæða þykir til að varðveita sökum fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna og kallast þær náttúruvætti. Náttúruvætti geta t.d. verið fossar, eldstöðvar, hellar og drangar, svo og fundarstaðir steingervinga, sjaldgæfra steinda, bergtegunda og berggerða, eða lífræn fyrirbæri sem eru einstök og skera sig úr umhverfinu. Friðlýsingin skal jafnframt ná til svæðis kringum náttúrumyndanirnar svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í umhverfismati hver áhrif áætlunar verði á friðlýst náttúruvætti. Umhverfisstofnun bendir auk þess á mikilvægi þess að áætlunin taki tillit til ofangreindra ákvæða og þeirra náttúruvætta sem hafa verið friðlýstar og rýri ekki verndargildi þeirra.

### **Ágengar tegundir**

Í spurningalista greinargerðar segir: *Varast skal ræktun ágengra tegunda, t.d. stafafuru, sérstaklega í grennd við þjóðgarða og verndarsvæði.*

Í ljósi áherslna um líffræðilega fjölbreytni ætti við vinnslu gróðursetningaáforma að huga að mögulegum afdrifum staðargróðurs í nýju umhverfi sem verður skógi vaxið. Þannig að í áætluninni séu vegnir séu kostir og gallar grundvallarbreytinga á gróðurfari sem skógrækt er.

Stofnunin telur mikilvægt að í nýskógrækt sé fylgst með dreifingu innfluttra trjáteguna og dreifing þeirra vöktuð með tilliti til áhrifa og mögulegs ágangs á þær vistgerðir sem fyrir eru. Til vöktunaráætlunar ætti að liggja fyrir aðgerðaráætlun um viðbrögð ef vöktun leiðir í ljós óæskilega þróun sem bregðast þarf við.

### **Umhverfismat og valkostir**

Umhverfisstofnun telur jákvætt að skoðaðir séu mismunandi sviðsmyndir áætlunni. Hins vegar telur stofnunin æskilegt að fjallað sé betur um aðra valkosti en núllkost og valinn kost og af hverju aðrir valkostir urðu ekki fyrir valinu.

### **Náttúruvá**

Umhverfisstofnun telur í ljósi þeirrar hættu sem skapast hefur vegna gróðurelda undanfarin vor að við skógræktaráætlanir verði gert ráð fyrir gróðursetningu trjábelta í því skyni að hindra útbreiðslu skógarelda. Huga ætti sérstaklega að þessum aðgerðum að mati stofnunarinnar þar sem sumarhúsabyggðir eru í þéttu skóglendi.

### **Ábyrgð**

Í greinargerð segir að ábyrgð á framkvæmd einstakra skógræktarverkefna sé á ábyrgð viðkomandi landeiganda hverju sinni m.t.t. náttúruverndar. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjalla mætti nánar um í áætluninni um aðkomu Skógræktarinnar, sem ráðgjafa sem leiðbeinir um ræktunarsvæði og trjátegundir, varðandi vernd náttúrulega vistkerfa og líffræðilega fjölbreytni ásamt landeigendum, leyfisveitendum og viðeigandi stofnunum.

### **Kolefnisbinding**

Umhverfisstofnun telur að auknar rannsóknir á ávinningi skógræktar og endurheimtar náttúruskóga muni verða til þess að þekking á málaflokknum aukist og tekur stofnunin undir mikilvægi þess að áhersla verði lögð á frekari rannsóknir og þróun á aðferðafræði, sérstaklega á vali á svæðum undir skógrækt með tilliti til náttúruverndar.

### **Samþætting áætlana**

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að stofnanir samþætti mikilvægar áætlanir, svo sem aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, skógræktaráætlun, landgræðsluáætlun, náttúruminjasrá og landsskipulagsstefnu þannig að áætlanirnar og aðgerðirnar sem þeim tengjast vinni saman.

Virðingarfyllt

Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Þórdís Björt Sigþórsdóttir  
sérfræðingur